



cutting through complexity

RÁÐGJAFARSVIÐ

Sköpum saman frábæra framtíð

Sérþekking í sviðsmyndagerð,
stefnumótun, breytingastjórnun og
stjórnun árangursríkra vinnufunda.

kpmg.is



Ekkert er jafn víst og hið óvænta

Sviðsmyndir

Verum viðbúin óvissri framtíð

Starfsumhverfi okkar allra breytist stöðugt og sífellt hraðar. Með því að setja upp ólíkar sviðsmyndir eflum við skilning á hugsanlegri framtíðarþróun og helstu óvissuþáttum í starfsumhverfi okkar.

Gerð sviðsmynda er skilvirk leið til að opna fyrir nýjar hugmyndir, efla stjórnun og auðvelda stefnumarkandi ákvarðanir. Þannig drögum við úr áhættu og aukum aðlögunarhæfni á tímum sífellt örari breytinga.

Ólíkar skoðanir reifaðar

Markmiðið með sviðsmyndum er að draga fram ólíkar birtingamyndir framtíðar á skýran og aðgengilegan hátt.

Sviðsmyndir gera okkur kleift að taka upplýstar ákvarðanir og stilla saman strengi ólíkra skoðanahópa.

Margir möguleikar

Að skoða umhverfi dagsins í dag með gleraugum framtíðarinnar auðveldar okkur að koma auga á nýja möguleika og gefur heildstæðari sýn til ákvörðunartöku.

SVIÐSMYNDAVINNA NÝTIST VIÐ UNDIRBÚNING OG MÓTUN NÝRRAR STEFNU, GERÐ ÁÆTLANA OG ÁHÆTTUGREININGU

- Greinum tækifærin og skiljum ólíka valkosti.
- Sviðsmyndaaðferðin er nýtt af flestum stærstu fyrirtækjum heims og ekki síður af sveitarfélögum og opinberum stofnunum.



Allt er breytingum háð

Skilvirk breytingastjórnun

Að bera sig rétt að

Tími breytinga getur reynst erfiður fyrir bæði stjórnendur og starfsfólk.

Þegar breytingar standa fyrir dyrum er lykilatriði að hafa styrka stjórnun á því ferli og standa rétt að framkvæmd og innleiðingu þeirra.

Víðtæk þekking og reynsla

Sérfræðingar KPMG hafa meðal annars komið að sameiningum fyrirtækja og stofnana, endurhönnun vinnuferla, hagræðingu og skipulagsbreytingum.

**SKILVIRK BREYTINGASTJÓRNUN ER
NAUÐSYNLEG ÖLLUM REKSTRAR-
EININGUM ÞAR SEM ÞARF AÐ TAKA
TIL HENDINNÍ OG BÆTA REKSTUR.**

Í upphafi skyldi endinn skoða

Stefnumótun með KPMG

Þinn árangur er okkar markmið

Stöðugar breytingar í starfsumhverfinu kalla á skarpari sýn í rekstri. Því þarf reglulega að staldra við, greina tækifærin og forgangsraða áherslum. Fastmótað verklag KPMG við stefnumótun nýtist jafnt stærstu fyrirtækjum sem og smærri aðilum. Þannig mótum við með þér aðgerðatengda stefnu sem skilar árangri.

Sérstaða í samkeppni

Með sérfræðipækkingu okkar færum við þér nýja sýn á viðfangsefnin, horfum til framtíðar og drögum fram þína sérstöðu. Þannig verður til stefna sem byggir á og skerpir samkeppnisyfirburði þína.

Fersk aðkoma með alþjóðlegu ívafi

Á hverjum degi treysta þúsundir fyrirtækja og stofnana um allan heim KPMG við stefnumótun. Í alþjóðlegu neti ráðgjafa KPMG er viðamikil sérfræðipækking og viðtæk reynsla á öllum starfssviðum sem nýtist viðskiptavinum okkar.

Fjölbreytt flóra viðskiptavina

Við vinnum með fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum, stórum jafnt sem smáum, á öllum sviðum rekstrar.

VIÐ STEFNUMÓTUN ER LEITAST VIÐ AÐ SVARA ÞÁTTUM EINS OG:

- Hvernig eykur þú tekjur og bætir hagnað?
- Ert þú með rétta samsetningu í rekstri, eignum og afkastagetu?
- Geta ný viðskiptalíkön aukið virði?
- Þarf að sameina, byggja, fjárfesta eða leggja af ákveðna þætti rekstrar?



Í flóknu umhverfi leynast tækifæri

Fjármál og rekstur

Ásættanlegur árangur

Er rekstur þinn og afkoma að skila ásættanlegum árangri – og hvað er ásættanlegt? Við þekkjum og skiljum viðfangsefni rekstrar og fjármála og vinnum stefnumótun meðal annars með tilliti til slíkra þátta.

Fjármálaleg sérþekking

Djúp þekking á fjármálum fyrirtækja og stofnana er aðalsmerki ráðgjafarsviðs KPMG. Við gerum ýmsar fjárhagslegar greiningar sem styðja við stefnumótun ásamt því að tengja hana við þau tækifæri sem kunna að leynast t.d. með sameiningu og yfirtöku fyrirtækja.

Greinum valkosti

Í þessu tilliti má nefna greiningu á framlegð, greiningu fjárfestingatækifæra, fjármögnunarvalkosta og mat á virði hlutafjár, svo dæmi séu tekin.

KPMG AÐSTOÐAR VIÐSKIPTAVINI VIÐ STEFNUMÓTUN OG TENGIR SAMAN FJÁRMÁLALEGA SÉRÞEKKINGU OG INNSÆI Á MÖRKUÐUM MEÐ INNLEIÐINGARFERLI SEM SKILAR RAUNHÆFUM ÁRANGRI.



Hvetjum og gefum tóninn

Fyrirlestrar KPMG

Hughrif og innblástur

Góður fyrirlestur getur gefið tóninn fyrir vinnufundinn, brotið hann upp og varpað nýju ljósi á málefnið.

Dæmi um fyrirlestra frá KPMG.

- **Næsta iðnbylting er að breyta á.** Skoðum áhrif meginstrauma (e. megatrends) á lífsmynstur og viðskiptaumhverfi fyrirtækja.
- **Markmiðasetning.** Hvernig á að standa að setningu markmiða og eftirfylgni þeirra fyrir starfsmenn og fyrirtæki?
- **Stefnumótun og sviðsmyndir.** Verum tilbúin að mæta óvissri framtíð með skýrri stefnu.
- **Þetta hlýtur að reddast.** Hvernig beislum við íslensku framkvæmdagleiðina okkur til gagns, á jákvæðan hátt?
- **Stefnumótandi áætlanagerð.** Farið er yfir ferlið við mótun skilvirkra og stefnumótandi áætlana enda er það yfirleitt lyklatríði árangurs.

Sérfræðingar KPMG hafa unun að því að miðla gagnlegum fróðleik og hægt er að aðlaga fyrirlestra að þörfum hvers viðskiptavinar og tilgangi vinnufundarins.

Sjá nánar dæmi og umfjallanir á [kpmg.is](https://www.kpmg.is)

Orð í tíma töluð

Markviss stjórnun vinnufunda

Árangursríkir vinnufundir

KPMG stýrðir vinnufundir endurspeglast í virkni þátttakenda, frjóum umræðum og breiðri samstöðu um niðurstöður.

Ráðgjafar KPMG búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á stýringu vinnufunda og nýta árangursríkar aðferðir til að fá sem mest út úr hverjum fundi.

- Leysum úr læðingi hugarorku þátttakenda.
- Virkjum alla til þátttöku.
- Einblínum á þá þætti sem skipta máli.

Hvernig er þinn vinnufundur?

Við skipuleggjum og höldum utan um stóra sem smáa vinnufundi og aðstoðum við að draga fram markvissar niðurstöður.

GÓÐ FUNDARSTJÓRNUN TRYGGIR:

- Skýra dagskrá og markmið.
- Góða tímastjórnun.
- Líflegar umræður með þátttöku allra.
- Skipulagða vinnu og skýrar niðurstöður.



Hafðu samband

Benedikt K. Magnússon

bmagnusson@kpmg.is

Sævar Kristinsson

skristinsson@kpmg.is

Sími 545 6000

Reykjavík

Borgartúni 27

Reyðarfjörður

Austurvegi 20

Akureyri

Glerárgötu 24

Reykjanesbær

Krossmóa 4

Blönduós

Húnabraut 4

Sauðárkrókur

Borgarmýri 1

Borgarnes

Bjarnarbraut 8

Selfoss

Austurvegi 4

Egilsstaðir

Fagradalsbraut 11

Skagaströnd

Oddagötu 22

Höfn í Hornafirði

Litlabrú 1

Stykkishólmur

Aðalgata 5

Vestmannaeyjar

Kirkjuvegi 23